

Silfurvængur

Silverwing

© Kenneth Oppel 1997

Íslensk þýðing © Rúnar H. Vignisson 2005

Prentun og bókband: Prentsmiðjan Oddi

Græna húsið • Garðabæ • 2005

ISBN 9979-9727-1-8

Þýðingin er tileinkuð

sonum mínum,

Ísaki Einari og

Þorra Geir.

rbv

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis þýðanda og útgefanda.

Silfurvængur

eftir Kenneth Oppel

Rúnar H. Vígnisson býddi



GRÆNA HÚSIÐ

Fyrsti hluti

Skuggi

Á lágflugi yfir árbakkanum heyrði Skuggi í bjöllu sem var að hita upp vængina. Hann blakaði örur, jók hraðann og tók stefnuna á þetta hljómfagra sífur. Það var nánast ógerlegt að koma auga á hann þar sem hann bar við næturhimininn og silfurrendurnar í svörtum loðfeldinum blikuðu í tunglskininu.

Bjallan var nú komin á loft, skel og vængir þyrluðust um. Skuggi var ekki enn farinn að sjá hana með augunum – en hann sá hana með eyrunum. Hann hafði fangað hana með bergmálssjón sinni og nú suðaði skordýrið og glóði í huga hans eins og skuggi með kvikasilfursjöðrum. Loftið þaut um sperrt eyru hans þar sem hann stepti sér niður. Hann snarbremsaði og mokaði bjöllumni upp með stélhimnunn, slengdi henni inn í vinstri vænginn og blakaði henni beint upp í opinn munninn. Hann sveigði upp og burt og braut harða skelina með tönnunum, smjattaði á gómsætu bjöllumkjötinu um leið og það spýttist niður í kok. Þegar hann hafði tuggið nokkrum sinnum kyngdi hann bjöllumni í heilu lagi. Mjög bragðgóð. Bjöllur voru langbesta fæðan í skóginum. Mjölmaðkar og mýflugur voru ekki slæm heldur. Moskítóflugur voru hálfbragðlausar – léttar og þunnar og stundum svolítið broddóttar – en það var líka auðveldast að ná þeim. Hann hafði þegar étið meira en sex hundruð í kvöld, eitthvað þar um bil að minnsta kosti, hann var hættur að telja. Þær voru svo hægfleygar og stírðbusalegar að hann þurfti einungis að hafa munninn opinn og kyngja öðru hverju.

Hann spann hljóðvef og leitaði að skordýrum. Hann var að verða saddur en vissi að hann ætti að éta meira. Móðir hans hafði sagt honum (hún hafði tönnlast á því undanfarnar tíu nætur) að hann yrði að fita sig vegna þess að nú styttist í veturinn. Skuggi gretti sig um leið og hann greip mjölmaðk af laufblaði og gleypti hann. Eins og hann gæti nokkurn tíma orðið feitur! Hann vissi samt að hann átti langa ferð fyrir höndum, suður í Vetrarhíði þar sem nýlendan öll mundi hafa vetursetu.

Allt í kring sá hann og heyrði aðra Silfurvængi skjótast um skóginn þessa falletgu haustnótt og veiða sér til matar. Skuggi teygði nautnalega úr vængjunum, óskaði þess einungis að þeir væru lengri og sterkari. Sem snöggvast lokaði hann augunum og stýrði eftir hljóðinu einu, fann loftið gæla við feldinn í andlitinu og á kviðnum.

Skyndilega sperrti hann eyrun. Þetta var einkennissláttur bjarnarfiðrildis á flugi. Hann hallaði hægri vængnum og sneri sér, miðaði bráðina út. Ef hann gæti bara náð einu – allir vissu hvað það var erfitt að ná þeim – þá hefði hann frá einhverju að segja þegar hann kæmi heim í Trjáhöfn við sólarupprás.

Parna var það, blakaði næfurþunnum vængjunum og vaggði stírbusalega. Það var eiginlega hlægilegt. Hann var næstum kominn að því svo kannski yrði þetta ekkert sérstaklega erfitt eftir allt saman. Hann kastaði hljóðneti yfir fiðrildið og dró að sér vængina til að steypa sér. En hagléf af hávaða truflaði bergmálssjón hans svo innra augað sá skyndilega ekki bara eitt heldur mörg silfruð bjarnarfiðrildi sem stefndu hvert í sína áttina.

Skuggi deplaði augunum ráðvilltur. Fiðrildið var ennþá fyrir framan hann – hann sá það með augunum. Einhvern veginn tvístraði það bergmálshljóðum hans með sínum eigin hljóðum. Notaðu nú augun, bara augun, sagði hann við sjálfan sig. Hann blakaði örar, nálgadist hratt með klærnar úti. Svo þandi hann vængina, beygði og lyfti stélinu fram til að ná herfanginu en þá –

Bjarnarfiðrildið lagði einfaldlega saman vængina og féll beint niður og úr vegi hans.

Skuggi var á of miklum hraða til að geta stöðvað sig. Stélið snerist bara undir honum svo hann fór á hvolf. Hann krafsaði í loftið og hrpaði eitt andartak áður en hann komst á réttan kjól aftur. Undrandi svipaðist hann um eftir bjarnarfiðrildinu.

Það flögraði makindalega fyrir ofan hann.

„Þú skalt ekki dirfast!“

Hann blakaði vængjunum og klifraði bratt, nálgadist fiðrildið. En önnur leðurblaka skaust skyndilega í veg fyrir hann og gleypiti bjarnarfiðrildið.

„Heyrðu!“ hrópaði Skuggi. „Ég átti þetta fiðrildi!“

„Þú fékkst þitt tækifæri,“ sagði hin leðurblakan og Skuggi þekkti röddina strax. Sinúk. Einn af ungunum í hópnum.

„Ég var með það,“ ítrekaði Skuggi.

„Það efast ég um.“ Sinúk tuggði á fullu og lét vængi fiðrildisins leika um tennurnar. „Þetta er annars alveg meiriháttar.“ Hann smjattaði áfergjulega. „Þú hefur kannski heppnina með þér einhverja nóttina, Stubbur.“

Skuggi heyrði hlátur og sá að það var fylgst með þeim, aðrir ungar sem flögruðu niður í leit að athvarfi á nálægri grein. Aldeilis frábært, hugsaði hann, þetta verður á allra vörum næstu tvær nætur.

Sinúk baðaði út stóru vængjunum sínum, lenti tignarlega, tók með báðum afturklónum um greinina og hékk þar á hvolfi. Skuggi horfði á hann með blöndu af öfund og reiði meðan aðrir rýmdu fyrir honum. Þarna var Jarod, sem var aldrei meira en vængjablak frá Sinúk. Hann mundi fljúga fyrir ofan trén í þrumuveðri ef Sinúk segði honum að gera það. Og þarna voru Jara og Osrik og Penúmbra. Þau voru alltaf saman. Skuggi kærði sig ekki um að slást í hópinn, en það virtist enn meiri ósigur að fljúga burt núna. Hann kom sér fyrir á greininni, skammt frá. Hann verkjaði í hægri framlegginn eftir snúninginn í loftinu.

Stubbur. Hann þoldi ekki að vera kallaður þetta – jafnvel

þótt hann vissi að það var réttnefni. Í samanburði við Sinúk og suma hinna unganna var hann smár, mjög smár. Hann hafði fæðst fyrir tímenn. Mamma hans hafði ekki einu sinni verið viss um að hann lifði af – það sagði hún honum seinna. Sem hvítvoðungur var hann pínulítill og hárlaus, með mjúkt hörund, og svo veikburða að hann rétt náði að halda sér í feld móður sinnar. Hún bar hann um allt, hafði hann meira að segja með á veiðar. Þegar Skuggi fór að þreytast í veikum klónum, tók hún varlega utan um hann með sínum klóm.

Hann hafði vaxið og dafnað á mjólkinni hennar. Nokkurra vikna gamall gat hann meira að segja étið dálítið af skordýrunum sem hún hafði veitt og tuggið. Feldurinn á honum fór að vaxa, varð svartur og gljáandi. Hann þyngdist, ekki mikið en nóg. Og allir á uppvaxtarstöðvunum urðu undrandi þegar hann tók flugið í fyrsta skipti og hélst á lofti. Hann blakaði vængjunum í nokkrar sekúndur áður en hann varð að lenda klunnalega og af lítilli reisu á hökunni. Hann mundi lifa eftir allt saman.

En það stækkuðu allir á uppvaxtarstöðvunum hraðar en hann, meira að segja kvenblökurnar, voru kviðmeiri, með breiðari vængi og sterkari handleggi til að knýja þá. Sinúk var talinn efnilegasti ungin, fim flugblaka og laginn við veiðar. Skuggi hefði gefið hvað sem var fyrir skrokkinn á Sinúk – en hann kærði sig ekkert um heilabúið í honum, sem var álíka virkt og gagnlegt og steinvala.

„Þetta var ótrúlegt, Sinúk,“ sagði Jarod uppveðraður. „Hvernig þú steyptr þér niður yfir þetta fiðrildi – ótrúlegt!“

„Þetta er annað fiðrildið sem ég næ í nótt.“

„Annað?“ sagði Jarod. „Nei! Ertu búinn að ná tveimur í nótt? Það er . . .“ Aðdáun hans virtist takmarkalaus. „Ótrúlegt!“

Skuggi gnísti tönnum meðan aðrir samsinntu þessu.

Sinúk hnussaði fyrir litlega. „Ég hefði náð fleirum ef það hefði verið meira að hafa. Það er betra fyrir sunnan. Ég get ekki beðið eftir að komast þangað.“

„Já, örugglega,“ samsinnti Jarod og kinkaði ákaft kalli. „Auðvitað er það betra fyrir sunnan. Mesta furða að við skulum

yfirleitt fá nokkuð að éta hérna upp frá. Ég get ekki heldur beðið eftir að komast þangað niður eftir.“

„Mamma segir að við leggjum af stað eftir þrjár nætur,“ hélt Sinúk áfram. „Og þegar við komum í Vetrarhúð – Vetrarhíð –“
„Vetrarhíði,“ muldraði Skuggi.

„Já,“ sagði Sinúk án þess svo mikið sem líta á hann. Það var eins og hann væri ekki einu sinni þarna. Skuggi var vanur því að vera hunsaður. Hann velti fyrir sér af hverju hann hafði yfirleitt fyrir því að opna munninn. Hann þoldi ekki þegar Sinúk lét gamminn geisa og þóttist vera einhver kóngur.

„Þegar við komum þangað,“ hélt Sinúk áfram, „sofum við í djúpum hellum þar sem risastór grýlukerti hanga niður úr loftinu.“

„Dropasteinar,“ sagði Skuggi. Hann hafði spurt mömmu sína um þá. „Þetta eru ekki grýlukerti, þeir eru úr steinefnum sem drjúpa úr loftinu. Þetta er ekki frosið vatn.“

Sinúk lét sem hann heyrði ekki í honum og hélt áfram að tala um grýlukertin í hellunum. Skuggi yggldi sig. Sinúk hirti ekki einu sinni um að fara rétt með. Það vantaði alla forvitni í hann. Skuggi efaðist um að hann hefði nokkurn tíma séð ís. Skuggi hafði séð ís í fyrsta skipti í fyrrinótt. Rétt fyrir dögun hafði hann tekið eftir gagnsærri himnu á vatninu í læknum sem þau drukku úr. Hún lá út frá bakkanum. Hann stóðst ekki mátið að gá hvað hún þyldi, flaug lágt yfir og sló niður afturklónum. Í annarri tilraun fann hann ísinn láta undan með skemmtilegum brestum. Síðustu vikur hafði hann tekið eftir fleiri merkjum um að veturinn væri í nánd – hvernig fallandi laufin skiptu litum, hvað loftið varð napurt. En það var ísinn sem sagði honum að veturinn væri í raun og veru í nánd og það gerði hann órólegan.

Hann vildi ekki hugsa um ferðalagið sem í vændum var. Vetrarhíði var milljónir vængjasláttu í burtu og innst inni óttaðist hann að hafa það ekki af. Og móðir hans hlaut að hafa áhyggjur líka, annars væri hún ekki alltaf að segja honum að éta. Og jafnvel þótt hann kæmist þangað hraus honum

hugur við því að sofa í fjóra mánuði. Þau mundu ekkert éta allan veturinn, bara sofa, líkamar þeirra glansandi af hélu. Og hvað ef hann gæti ekki sofíð? Hvað ef hann hengi bara þarna í hellinum og allir sofandi í kringum hann? Þetta var heimskuleg hugmynd, að sofa svona lengi. Algjör tímasóun! Kannski gætu aðrar leðurblökur sofíð svona lengi, en hann vissi að hann gæti það ekki. Það var hreinlega óhugsandi. Stundum fannst honum meira að segja erfitt að sofa heilan dag. Það var svo margt sem hann þurfti að gera: æfa sig að fljúga, læra að lenda betur, ná betri tökum á veiðunum, góma bjarnarfiðrildi. Hann þurfti að verða stærri og sterkari og skildi ekki hvernig hann átti að gera þetta allt meðan hann svæfi af sér veturinn.

„Ég get ekki beðið að hitta pabba,“ heyrdi hann Sinúk segja.

„Ekki ég heldur,“ samsinnti Rasha.

Og svo fóru allir að tala um pabba sinn, fóru með sögur sem mömmur þeirra og systur höfðu sagt þeim. Um sinn skiptust Silfurvængirnir í tvo hópa. Trjáhöfn var uppvaxtarstöð þar sem kvenblökurnar ólu upp ungana sína. Karlblökurnar eyddu sumrinu í Klettavirki, suðaustur af Trjáhöfn. En um leið og ferðalagið hæfist mundu þau hittast og fara þessa löngu ferð suður í Vetrarhíði öll saman.

Skuggi hlustaði þögn og fann andlit sitt stífna. Hann óskaði þess að þau þögnuðu.

„Pabbi er risastór,“ sagði Sinúk og yfirgnæfði hina. Sinúk beið aldrei eftir að aðrir þögnuðu. Hann greip bara fram í og þá hættu allir að tala og hlustuðu. Skuggi skildi ekki hvers vegna. Það eina sem Sinúk talaði um var hvað hann hefði étið mikið eða hvaða vöðvi væri aumastur eftir síðustu hetjudáð hans.

„Vængirnir á pabba,“ sagði hann þeim núna, „ná héðan og yfir að trénu þarna og hann getur étið tíu þúsund pöddur á einni nóttu og hann er hraðfleygari en nokkur annar í nýlendunni. Og einu sinni barðist hann við uglu og drap hana.“

„Það getur engin leðurblaka drepið uglu,“ hreytti Skuggi út úr sér. Þetta var það fyrsta sem hann sagði í dágóða stund og reiðin í málrómnun kom honum á óvart.

„Pabbi minn gerði það.“

„Þær eru of stórar.“ Hann vissi að Sinúk var bara að monta sig, en hann gat ómögulega látið hann komast upp með það.

„Sterk leðurblaka getur auðveldlega gert það.“

„Nei, það er útilokað.“

„Þú veist ekki allt, Stubbur. Ertu að kalla mig lygara?“

Skuggi fann feldinn ýfast, svo uppsigað var honum við Sinúk. Hann vissi að það var verið að storka honum og hann vissi að hann var í þann veginn að segja: Já, já, þú ert lygari. En orðin sátu föst í hálsinum á honum eins og þurrar skeljar.

Nokkrir skærir tónar úr fuglasöng bárust um skóginn og þau stírdnuðu öll.

„Þetta er dögunarkórinn,“ sagði Penúmbra. Eins og þau vissu það ekki öll. „Við ættum víst að halda heim á leið.“

Sinúk og hinir ungarnir hristu vængina til samþykkis, tilbúnir að taka flugið.

„Já, farið af stað,“ sagði Skuggi og geispaði kæruleysislega, „ég ætla að kíkja aðeins á sólina.“

Hann hafði svo gaman af viðbrögðum þeirra að hann varð að fitja upp á nefið til að brosa ekki. Þau störfðu þögul á hann og feldurinn milli augnanna bylgaðist af undrun.

„Um hvað ertu að tala?“ spurði Sinúk hæðnislega.

„Þú mátt ekki horfa í sólina,“ sagði Jara og hristi hausinn.

„Ja, mér datt í hug að prófa það.“

Þetta var það fyrsta og mikilvægasta sem öllum ungum var sagt. Það voru fleiri reglur – of margar fannst Skugga – en þetta var sú sem mest áhersla var lögð á. Það má *aldrei* horfa í sólina. Svo hreint og klárt var það.

„Það blindar þig,“ sagði Jarod. „Brennir augasteinana úr hausnum á þér.“

„Gerir þig svo að ösku,“ bætti Osrik við. Það var ekki laust við að honum væri skemmt.

Skuggi yppti öxlum af tignarlegu tómlæti.

„Og það eru uglur á ferli,“ sagði Penúmbra áhyggjufull. Hún horfði í kringum sig. „Við ættum að drífa okkur.“

Í fjarska heyrði Skuggi mömmurnar kalla ungana sína heim til Trjáhafnar. Og svo heyrði hann rödd Aríel mömmu sinnar skýrt og greinilega: „Skuggi . . . Skuggi . . .“ Hann fékk sting í hjartað. Hún yrði áhyggjufull. Og hann sem var í vandræðum eftir að hafa lent á jörðinni (og brotið aðra reglu) fyrir tveimur nóttum til þess eins að geta skoðað glitrandi kóngulóarvef betur. Bara í nokkrar sekúndur, en hann hafði verið staðinn að verki og hundskammaður fyrir framan hina ungana.

„Ég ætla bara rétt aðeins að kíkja,“ sagði hann þeim og leit á himininn sem var farinn að lýsast. „Verð ekki lengi.“

„Þú ert stórskrýttinn,“ sagði Osrik, en þarna var hann, svipurinn sem Skuggi hafði sóst eftir, svipur sem lýsti efablandinni aðdáun.

„Hann ætlar ekkert að kíkja á sólina,“ sagði Sinúk argur. „Hann segist bara ætla að gera það.“

„Ég segi ykkur frá þessu þegar ég kem aftur í Trjáhöfn,“ sagði Skuggi hressilega. „Nema þú viljir koma með, Sinúk.“

Það ríkti dýrðleg þögn meðan Jarod, Penúmbra, Jara og Osrik litu öll full eftirvæntingar á hetjuna sína. Þetta var áskorun og Sinúk vissi það. Hann stakk einni klónni í börkinn.

„Skiptir engu,“ sagði Skuggi fjórlega, tilbúinn að hefja sig upp af greininni.

„Bíddu! Ég kem með,“ sagði Sinúk og síðan af meiri ákveðni: „Ég kem með þér.“

„Ég veit að þetta er bara einhver bjánalegur leikur,“ sagði Sinúk þar sem þeir flugu um skóginn, burt frá Trjáhöfn. „Við skulum sjá hvor guggnar fyrir.“

Skuggi varð að leggja sig allan fram til þess að halda í við Sinúk og það fór í skapið á honum. Hann þurfti alltaf að blaka vængjunum hraðar, reyna meira á sig, til að dragast ekki aftur úr. Hann þoldi ekki hvað Sinúk flaug áreynslulaust, en fylgdist vandlega með og reyndi að herma eftir.

„Við förum upp á hæðina,“ sagði hann og vonaði að hann virtist ekki móður. „Þar sjáum við sólina fyrr. Heldurðu það ekki?“

Sinúk rumdi bara annars hugar og sagði svo: „Hvað um uglurnar?“

Var hann svolítið áhyggjufullur í röddinni? Það hvatti Skugga til dáða.

„Haltu þig bara nálægt trjánum, þær sjá okkur ekki einu sinni.“

Aftur rumdi Sinúk.

Skuggi sá að fuglar voru farnir að bæra á sér í hreiðrum og á greinum, bættust í dögunkórinn þar sem þeir létu lofta um fjadrirnar. Sofandi fuglar voru eðlilegur hluti af náttveröld hans, en hann hafði aldrei séð marga vakandi fugla og nú gáfu sumir þeirra frá sér undrunarhljóð þegar þeir Sinúk skutust hjá.

Þeir flugu upp á topp og komu sér fyrir efst í hæsta trénu, þrýstu sér þétt að stofninum svo að sem minnst bæri á þeim. Fram undan liðaðist langur dalurinn, samfelld trjábreiða nema hvað einn rykugur Mannavegur lá í gegnum hana. Hann hafði aldrei séð neitt á honum, ekki Mann, ekki eitt af þessum háværu farartækjum þeirra. Þau voru langt utan alfaraleiðar, sagði mamma hans alltaf.

Dögunkórinn færðist nú í aukana allt í kringum þá.

„Af hverju viltu endilega sjá sólina?“

„Mig langar bara til þess.“

„Af hverju?“

„Ég er forvitinn. Ert þú það ekki líka?“

Stutt þögn. „Nei.“ Aftur þögn. „Hvað ef hún gerir okkur að ösku?“

„Hún gerir ekkert annað að ösku.“

Hann hafði gaman af þessu. Loksins hlustaði Sinúk í raun og veru á hann. Það var næstum eins og Sinúk þarfnæðist hughreystingar.

„Mamma sagði mér frá karlblöku. Vængirnir og beinin og tennurnar urðu að öskuhrúgu.“

„Það er bara saga.“

En hann fékk sting í magann af ótta.

„Förum til baka,“ sagði Sinúk andartaki síðar. „Við getum sagst hafa séð hana. Við höldum þessu leyndu, er það ekki?“

Skuggi velti þessu fyrir sér. Hér var Sinúk að biðja hann um eitthvað. Það var sannarlega góð tilfinning að hafa yfirhöndina.

„Farðu bara,“ sagði Skuggi. Sjálfur færi hann hvergi. Hann ætlaði að hafa betur án þess að gefa nokkuð eftir.

Himinninn var mjög bjartur í austri núna, bjartari en hann hafði nokkurn tíma séð hann. Hann pírdi augun og fann hárfínan sársauka bak við þau. Hvað ef sögurnar væru réttar? Hvað ef þetta blindaði hann?

„Bara pínulítið lengur,“ muldraði hann.

Sinúk færði sig til á greininni svo vængirnir strukust við börkinn.

„Uss,“ hvæsti Skuggi á hann. „Þarna hinum megin.“ Hann hallaði höfðinu.

Ugla sat grafkyrr í nálægu tré, hálfvalin í laufskrúðinu.

„Þú ert ekki hræddur, er það?“ hvíslaði hann að Sinúk. „Sterk leðurblaka þarf ekki að óttast neitt.“

Skuggi var hræddur en hélt að uglan hefði ekki komið auga á þá. Jafnvel þótt hún hefði séð þá, vissi hann að hún mátti ekki ráðast á þá fyrr en sól væri risin. Þannig voru lögin. Hann efaðist samt um að Sinúk vissi þetta, því mömmur sögðu ekki ungum svona nokkuð. Hann vissi þetta bara af því hann hafði heyrt mömmu sína tala við kvenöldungana í nýlendunni þegar hún hélt að hann væri sofandi. Það var nánast eini kosturinn við að vera lítill: Þegar hann var yngri hafði hún borið hann með sér hvert sem hún fór, meira að segja á sérstaka fundi fyrir fullorðna. Hann hafði lært mikið á því.

Óhugnanlegt væl kom úr barka uglunnar svo hárin risu

á Skugga. Því næst lyfti uglan sér af greinni með snöggu viðbragði og flaug burt, blakaði vængjunum hljóðlega.

Skuggi andaði frá sér.

„Ég – ég get ekki,“ sagði Sinúk og lét sig detta af greininni og flaug allt hvað af tók í áttina að Trjáhöfn. Skuggi horfði á hann hverfa inn í laufþykknið. Hann fann fyrir undarlegum vonbrigðum og vissi ekki hvers vegna.

Hann gæti líka farið núna.

Hann var búinn að vinna.

En það var ekki nóg. Hann vildi eitthvað meira og það kom honum á óvart. Hann langaði virkilega til að sjá sólina. Þetta fyrirbæri sem þau máttu alls ekki skoða.

Hinum megin í dalnum mátti sjá hvíta rönd fikra sig frá trjálínunni. Hann undraðist hvað þetta tók langan tíma. Hálfur himinninn var þegar orðinn fölgrár og enn engin sól? Hvað tafði hana?

Hann deplaði augunum, sneri sér undan og horfði beint í þéttan fjaðravegg. Hann leit upp og mætti stórum og innstæðum augum uglu sem sat á enda greinarinnar. Skuggi þrýsti sér hljóðlaust þétt upp að berkinum, en hann vissi að hún hafði séð hann. Það heyrðist svo lítið í vængjum uglunnar. Þær gátu læðst að bráðinni. Augu uglunnar mændu á hann og síðan snerist hið mikla og úfna höfuð á uggvekjandi hátt að sjóndeildarhringnum til að gá að sólinni. Skuggi lét bergmálssjón sína skríða yfir ugluna, virti hana vel og vandlega fyrir sér: Þykkar fjaðrirnar sem huldu þann mikla styrk sem hún bjó yfir, illkvittnislegt og bogið nefið sem gæti rifið hold á augabragði. Og hann vissi að hún þurfti ekki einu sinni á augum sínum að halda til að sjá hann. Eins og hann voru allar uglur líka með bergmálssjón.

Hann horfði hatursaugum á ugluna. Engin leðurblaka gat drepð uglu. Þær voru risar, fimm sinnum stærri að minnsta kosti. Hann hefði átt að vera varari um sig. Hann var smærri, en komst um þar sem þær komust ekki, milli þéttra greina.

Hann gat líka troðið sér inn í rauf í trjából og gert sig næstum óaðgreinanlegan frá berkinum.

Skyndilega heyrði hann þyt fyrir aftan sig og þarna sveimaði mamma hans yfir.

„Fljúgðu burt!“ hvæsti hún. „Undireins!“

Hún var svo ströng og svo reið að hann hlýddi þegar í stað. Þau steyptu sér niður hæðina, sleiktu trjátoppa. Hann leit yfir vænginn og sá ugluna spölkorn á eftir þeim, hún blakaði vængjunum makindalega. Sólin hafði ekki enn rofið sjóndeildarhringinn.

Þau flugu yfir lækinn og enn var uglan á eftir þeim. Allt í einu fann Skuggi yl á vængjunum og leit við. Hún skein skært. Sólin.

„Inn á milli trjáanna!“ kallaði Aríel yfir vænginn á sér. „Ekki líta um öxl!“

Hann leit um öxl.

Örlítill flís af sólinni hafði náð upp á sjóndeildarhringinn og hellti nú skærri birtu ofan í dalinn. Þetta var svo makalaust, svo magnað, að það sogaði andann úr honum og neyddi hann til að klemma aftur augun.

Hann beindi bergmálssjóninni að móður sinni og fylgdi henni þegar hún steypti sér niður fyrir trjátoppa. Römm lyktin af uglunni skall á honum um leið og klær hennar þutu hjá stéli hans og fóru næstum því gegnum vængina á honum.

Hann var nú niðri á milli trjáanna og allt í kringum hann voru fuglarnir að vakna og hefja hræðilega skræki. Hann óf sig brjálæðislega gegnum laufskrúðið og þurfti að reyna duglega á sig til þess að hafa við mömmu sinni. Að lokum komu þau á fullri ferð út í rjóðrið. En þangað kom líka uglan sem hafði elt þau fyrir ofan trjátoppa. Hún steypti sér eins og hagl á eftir þeim. Skuggi og mamma hans veltu sér hvort í sína áttina til þess að fordast klær hennar, mættust síðan aftur og þutu í áttina að hinum sterku, kræklóttu greinum Trjáhafnar, í gegnum kvistgatið og inn í öruggt myrkrið.